DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Nr. 2879 Síðan 1968 59. árgangur

Fimmtudagur 19. nóvember 2026

Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is
Gagnheiði 17 · 800 Selfoss

Kiðjabergsvöllur bestur þriðja árið í röð



Mynd: Aðsend.

Kiðjabergsvöllur hefur verið valinn besti golfvöllur Íslands árið 2026 (Iceland's Best Golf Course) af World Golf Awards. Þetta er þriðja árið í röð sem völlurinn hlýtur þessa virtu alþjóðlegu viðurkenningu, en Kiðjabergsvöllur hlaut einnig verðlaunin árin 2024 og 2025.

World Golf Awards voru veitt í 13. sinn og eru hluti af World Travel Awards, sem hafa frá árinu 1993 veitt viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í ferða- og þjónustugreinum um allan heim.

Val á sigurvegurum byggir á alþjóðlegri atkvæðagreiðslu þar sem bæði fagfólk úr golf- og ferðaþjónustu og almenningur geta greitt atkvæði. Atkvæðagreiðsla ársins 2026 hófst í ársbyrjun og lauk í lok október.

World Golf Awards 2026 fór fram við hátíðlega athöfn á Madinaty Golf Club í Egyptalandi. Guðmundur Ásgeirsson, formaður Golfklúbbs Kiðjabergs, var viðstaddur hátíðina fyrir hönd félagsins og tók á móti verðlaununum.

Mikil viðurkenning fyrir metnaðarfullt starf

„Við erum ótrúlega þakklát fyrir þennan heiður. Að vera kjörinn besti golfvöllur Íslands árið 2026, og það þriðja árið í röð, er frábær viðurkenning fyrir allt það ómetanlega starf sem hefur verið unnið á Kiðjabergi í fjölda ára. Sjálfboðaliðar, starfsfólk og stuðningsfólk klúbbsins hafa öll lagt sitt af mörkum og án þeirra væri þetta ekki mögulegt. Þessi viðurkenning hvetur okkur til að halda áfram á sömu braut og gera völlinn enn betri. Það var jafnframt mikil ánægja og heiður að taka á móti verðlaununum fyrir hönd klúbbsins við glæsilega verðlaunaafhendingu World Golf Awards á Madinaty Golf Club í Egyptalandi," segir Guðmundur Ásgeirsson, formaður Golfklúbbs Kiðjabergs.

Guðmundur Fannar Vigfússon, framkvæmdastjóri Golfklúbbs Kiðjabergs, tekur í sama streng og segir verðlaunin endurspegla það metnaðarfulla starf sem unnið hefur verið á Kiðjabergi undanfarin ár.

„Það er mjög ánægjulegt að sjá Kiðjabergsvöll hljóta þessa viðurkenningu þriðja árið í röð. Þetta er mikil viðurkenning fyrir Golfklúbb Kiðjabergs og allt það góða starf sem unnið hefur verið við uppbyggingu og umhirðu vallarins í gegnum árin. Verðlaunin eru okkur jafnframt mikil hvatning til að halda áfram á þeirri vegferð sem við erum á og gera enn betur. Vallarstarfsmenn GKB hafa unnið af miklum metnaði og ástríðu og þessi árangur er okkur öllum mikið ánægjuefni," segir Fannar.

Sameiginlegur árangur

Þetta er mikil viðurkenning fyrir Golfklúbb Kiðjabergs og endurspeglar þann metnað, fagmennsku og dugnað sem hefur einkennt þá uppbyggingu og umhirðu á Kiðjabergsvelli undanfarin ár.

Golfklúbbur Kiðjabergs færir starfsfólki, sjálfboðaliðum, félagsmönnum, samstarfsaðilum og öllum þeim sem hafa lagt sitt af mörkum til uppbyggingar vallarins innilegar þakkir. Þessi árangur er sameiginlegur og mikil hvatning til að halda áfram að þróa og bæta Kiðjabergsvöll til framtíðar.

Viðbygging íþróttahúsins í Hveragerði

Framkvæmdir við viðbyggingu íþróttahússins í Hveragerði ganga samkvæmt áætlun og er nú búið að reisa allt stálvirki byggingarinnar. Þá er langt komið með að setja yleiningar á útveggi og verður hafist handa við að loka þakinu þegar því verki lýkur.

Stefnt er að því að viðbyggingin verði að mestu leyti fokheld í lok nóvember. Eftir stendur þó að einangra og steypa gólfplötu íþróttasalarins.

Gert er ráð fyrir að samningsverkinu ljúki í mars 2027. Að því loknu verður hafist handa við að klæða húsið að utan, innrétta það og ganga frá lóðinni.

Mynd: Hveragerðisbær







Jólaljósin tendruð í Árborg á fimmtudag

Sveitarfélagið Árborg býður íbúum og gestum að taka þátt í hátíðlegri stund í miðbæ Selfoss þegar kveikt verður á jólaljósum sveitarfélagsins og jólatrénu á Brúartorgi. Dagskráin fer fram á fimmtudaginn 19. nóvember og markar upphaf aðventunnar í Árborg.

Jólatónlist og aðventustemning verður í miðbænum frá kl. 17:00 og verslanir með ýmis tilboð í gangi. Dagskráin hefst kl. 17:50 þegar Barna- og unglingakór Selfosskirkju flytur fallega jólatóna undir stjórn Bergþóru Kristínardóttur.

Rétt fyrir klukkan sex flytur Bragi Bjarnason bæjarstjóri ávarp og telur niður með viðstöddum þegar kveikt verður á jólatrénu í miðbæ Selfoss.

Að lokinni athöfn tekur við jólaljósakvöld á Selfossi þar sem fjölmargar verslanir og veitingastaðir verða með opið til kl. 21:00. Gestum gefst því gott tækifæri til að njóta hátíðarstemningarinnar, versla og eiga notalega stund með fjölskyldu og vinum.

Sveitarfélagið Árborg hvetur íbúa og gesti til að mæta á Brúartorg og gleðjast saman í upphafi jólaundirbúnings.







Minningarviðburður í tilefni af 90 ára fæðingarafmæli Frosta Fjalar

Listasafn Árnesinga og Hrunamannahreppur bjóða til sérstaks viðburðar til heiðurs myndlistarmanninum Frosta Fjalar (1936–2026), sem lést í júní síðastliðnum en hefði orðið níræður þann 29. desember á þessu ári.

Frosti Fjalar, (skírður Jakob Jónsson), var afkastamikill listamaður sem fór eigin leiðir í íslensku myndlistarlífi. Hann lauk prófi í byggingarverkfræði frá KTH í Stokkhólmi árið 1961 og stundaði síðar myndlistarnám í Kaupmannahöfn á árunum 1965–1971. Hann tók virkan þátt í íslensku myndlistarlífi á áttunda og níunda áratugnum og hélt meðal annars sýningar í Bogasal Þjóðminjasafnsins, Ásmundarsal og Stöðlakoti. Eftir síðustu sýningu sína árið 1991 dró hann sig í hlé frá opinberu myndlistarlífi en hélt áfram að skapa í einrúmi og byggði upp umfangsmikið safn listaverka.

Frosti arfleiddi Listasafn Árnesinga að öllum eigum sínum og listaverkum og hefur safnið nú tekið við þessari einstöku gjöf. Með henni hefur ævistarf listamannsins verið falið safninu til varðveislu og miðlunar til komandi kynslóða.

Þótt Frosti hafi fæðst á Bíldudal átti fjölskylda hans djúpar rætur í Hrunamannahreppi. Faðir hans, Jón Jakobsson prestur, fæddist á Galtafelli árið 1903 og föðurafi hans, Jakob Jónsson, fæddist í Bryðjuholti árið 1866 og bjó síðar meðal annars í Miðfelli og á Galtafelli.

Þessi ættartengsl varpa áhugaverðu ljósi á ákvörðun Frosta að arfleiða Listasafn Árnesinga að eigum sínum og ævistarfi.

Á viðburðinum verður fjallað um líf Frosta, ættartengsl hans við Hrunamannahrepp, myndlistarferil og þá merku arfleifð sem hann lætur eftir sig. Jafnframt verður sett upp sérstök pop-up sýning á úrvali verka hans í félagsheimilinu á Flúðum aðeins í þennan eina dag.

Með viðburðinum vilja Listasafn Árnesinga og Hrunamannahreppur heiðra minningu Frosta Fjalar, kynna verk hans og fagna þeirri einstöku gjöf sem nú hefur verið falin safninu til varðveislu.

Aðgangur ókeypis – öll velkomin.

Viðburðurinn er haldinn í samstarfi Listasafns Árnesinga og Hrunamannahrepps.



Hvað fær fólk til að flytja, vera eða snúa heim?

Þróun Selfoss, búsetuval, samfélagsbreytingar og framtíð Suðurlands voru til umræðu á fjölmennu málþingi sem haldið var á Hótel Selfossi þriðjudaginn 10. nóvember. Fjallað var um niðurstöður rannsókna á byggðaþróun og persónuleg reynsla heimafólks sem hefur ólíkar sögur að segja af búsetu á Selfossi.

Málþingið bar yfirskriftina Selfoss og Suðurland, hvert stefnir? og var haldið í samstarfi Háskólafélags Suðurlands, SASS og Háskóla Íslands.

Þóroddur Bjarnason, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands, og Tialda Haartsen, prófessor við Háskólann í Groningen í Hollandi hafa undanfarin ár unnið að rannsóknarverkefni um byggðaþróun á Selfossi og Suðurlandi með stuðningi Byggðarannsóknasjóðs.

Hvað skýrir vöxt Selfoss?

Í erindi sínu rakti Þóroddur þróun suðvestursvæðisins og vöxt Selfoss frá upphafi 20. aldar. Hann kynnti niðurstöður kannana um uppruna íbúa, ánægju þeirra með búsetuna og ástæður þess að fólk flytur frá höfuðborgarsvæðinu til Selfoss.

Tialda Haartsen kynnti hollenska rannsókn þar sem fylgst var með ungu fólki úr dreifbýli fram til 35 ára aldurs. Rannsóknin sýndi hversu ólíkar leiðir ungt fólk fer í lífinu. Sumir flytja burt og snúa aftur, aðrir setjast að í öðrum dreifbýlissamfélögum og enn aðrir halda sterkum tengslum við heimabyggðina þótt þeir búi annars staðar.

Fjórar ólíkar raddir heimafólks

Sérstakur dagskrárliður var helgaður röddum heimafólks þar sem fjórir einstaklingar lýstu ólíkri reynslu sinni af búsetu á Selfossi.

Kristín Linda Jónsdóttir, sálfræðingur, flutti til Selfoss eftir rýmingu Grindavíkur. Hún sagði öryggi hafa verið eitt mikilvægasta atriðið við val á nýjum búsetustað. Þar skipti máli að meta m.a. náttúruvá og aðgengi að heilbrigðisþjónustu í neyð.

Rebekka Rut Leifsdóttir Söring, fulltrúi yngri kynslóðarinnar, beindi sjónum sínum meðal annars að menntunartækifærum og mikilvægi þess að ungt fólk gæti stundað nám án þess að flytja úr heimabyggð. Hún taldi mikil tækifæri felast í auknu framboði sveigjanlegs fjarnáms.

Kjartan Björnsson, rakari og rótgróinn Selfyssingur, rifjaði upp hvernig samfélagið á Selfossi hefur breyst í gegnum árin. Frásögn Kjartans dró fram hversu miklar samfélagsbreytingar hafa fylgt vexti Selfoss og hvernig daglegt líf íbúa hefur tekið stakkaskiptum á undanförnum áratugum.

Jóna Katrín Hilmarsdóttir, skólameistari Menntaskólans að Laugarvatni, sagði frá því hvað varð til þess að fjölskylda hennar ákvað að snúa aftur heim á Selfoss þegar í ljós kom að sonur þeirra glímdi við alvarleg veikindi og fötlun.

Hvert stefnir Selfoss og Suðurland?

Í lok málþingsins fóru fram pallborðsumræður með Braga Bjarnasyni, bæjarstjóra Árborgar, Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra Flóahrepps, og Antoni Kára Halldórssyni, sveitarstjóra Rangárþings eystra og formanni stjórnar SASS.

Málþingið sýndi vel að byggðaþróun snýst um mun meira en fjölgun íbúa og uppbyggingu húsnæðis. Að baki búsetuvali fólks liggja fjölbreyttar ástæður, allt frá atvinnu- og menntatækifærum til öryggis, fjölskylduaðstæðna, lífsgæða og félagslegra tengsla.



HÚSASMIÐJAN blómaval

19.-21. nóvember
Lengri opnun á afmælisvikunni
Opið til **kl. 21** á fimmtudaginn

AFMÆLIS HÁTÍÐ
Á SELFOSSI

Dagskrá:

Fimmtudagur:
- Barna og unglingakór Selfosskirkju syngur jólalög
- Kjörís íspinnar fyrir alla

Föstudagur:
- Morgunkaffi í afmælisbúningi frá kl. 9-12
- Afmæliskaka meðan birgðir endast.
- Kjörís íspinnar fyrir alla

Laugardagur
- Kjörís íspinnar fyrir alla
- Afmæliskaka meðan birgðir endast.



Kl. 18:45
Barna- og unglingakór Selfosskirkju

25%

Allar vörur í Blómavali **25%** · Jólaseríur og Jólaljós **25%**
Jólavörur, skraut og gervitré **25%** · Búsáhöld **25%**
Smáraftæki **25%** · Málning **25%** · Rafmagnsverkfæri **25%**
Parket og flísar **25%** · Ljós **20%** (Gildir ekki af HUE og Wiz)
Blöndunartæki og hreinlætistæki fyrir eldhús og bað **25%**

33%

Jólastjarna
10327510
1.990kr
~~2.990kr~~

Afsláttur gildir ekki af tilboðsvörum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar".

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Handleiðsla – þarf að bíða þar til álagið verður of mikið?

Hvenær gafst þér síðast tækifæri til að staldra við og ígrunda starf þitt? Ekki til að fara yfir verkefnalistann eða skipuleggja næsta vinnudag, heldur til að skoða hvernig þér líður í starfi, hvað gengur vel og hvað mætti fara betur?

Flest viljum við standa okkur vel í vinnunni. Við leggjum metnað í starfið og viljum finna að framlag okkar skipti máli. En daglegt annríki, ábyrgð og síbreytilegar kröfur geta geta orðið að álagi sem hefur áhrif á líðan og starfsánægju.



Þegar álagið eykst

Streita er áberandi meðal þeirra sem starfa við að hjálpa, kenna, leiðbeina og annast aðra. Það er ákveðin þversögn fólgin í því að eiginleikarnir sem gera fólk hæft til slíkra starfa geta jafnframt gert það viðkvæmara fyrir streitu. Samviskusemi, ábyrgðarkennd og rík samkennd eru verðmætir eiginleikar en geta orðið íþyngjandi þegar kröfurnar verða meiri en svigrúmið til að mæta þeim.

Streita í starfi verður þó sjaldnast skýrð með einum þætti. Hún getur orðið til í samspili verkefna, ábyrgðar, samskipta, starfsaðstæðna og þeirra væntinga sem við gerum til okkar sjálfra og annarra. Stjórnendur standa einnig frammi fyrir margvíslegum áskorunum. Þeir þurfa að samræma ólíkar þarfir, taka ákvarðanir og styðja starfsfólk, oft við aðstæður sem þeir hafa ekki fulla stjórn á.

Hvað getur handleiðsla gert?

Fagleg handleiðsla er skipulagður vettvangur fyrir ígrundun og sjálfskoðun. Hún gefur rými til að auka innsæi og rýna í fagmennskuna. Hún er tækifæri til að efla skilning á eigin viðbrögðum í aðstæðum og samskiptum og finna uppbyggilegar leiðir til að takast á við aðstæður.

Fyrir starfsfólk getur handleiðsla aukið faglegt öryggi, bætt samskipti, skýrt mörk og styrkt hæfni til að takast á við álag. Fyrir stjórnendur getur hún skapað mikilvægt svigrúm til að ígrunda ákvarðanir, leiðtogahlutverkið og vinnustaðamenningu. Handleiðsla fyrir teymi og hópa getur stuðlað að betra samstarfi og meiri skilningi manna í milli.


Staldraðu við

Evrópudagur handleiðslu er 21. nóvember ár hvert. Dagurinn gefur tilefni til að velta fyrir sér hvernig við hlúum að eigin fagmennsku og vellíðan í vinnu. Þótt fagleg sýn sé sterk er gott að fá ný sjónarhorn. Handleiðsla veitir einmitt slíkt tækifæri. Spurningin er því ekki endilega hvort þú þurfir á handleiðslu að halda, heldur hvað þú gætir fengið út úr henni.

Þórunn Jóna Hauksdóttir
faglegur handleiðari
thorunnjona.is

Öryggi ferðamanna verður að vera tryggt áður en breytingar verða gerðar við Gullfoss

Formenn björgunarsveitanna í Uppsveitum Árnessýslu hafa miklar áhyggjur af því að fyrirhuguð gjaldtaka við Gullfoss geti beint fleiri ferðamönnum að austurbakka Hvítár, þar sem öryggisinnviðir eru ekki til staðar.



Við Gullfoss hefur verið byggð upp aðstaða vestan Hvítár með öryggi og stýringu á umferð gesta í forgrunni. Austan árinnar er land í einkaeigu og aðstaða til að taka á móti miklum fjölda ferðamanna er ekki fyrir hendi.

Fyrirhuguð gjaldtaka ríkisstjórnarinnar í formi náttúru og innviða gjalds aðeins á þremur stöðum í eigu ríkisins, Þingvöllum, Geysir og Gullfossi gætu þó orðið til þess að ferðamenn leiti í auknum mæli á austurbakka Hvítár.

„Öryggi ferðamanna verður að vera tryggt áður en breytingar sem geta haft áhrif á hegðun ferðamanna eru settar í framkvæmd. Á austurbakka Hvítár vantar meðal annars örugga göngustíga, öryggisvarnir við gljúfurbrúnir og önnur hættusvæði, merkingar og leiðbeiningar fyrir gesti. Einnig þarf að kanna hvort vegir, aðgengi og fjarskipti tryggi að hægt sé að koma fólki til aðstoðar ef slys verður. Án öruggra fjarskipta getur verið erfitt að kalla eftir hjálp og samhæfa viðbrögð.“ segja formenn björgunarsveitanna.

Formennirnir telja að fáeinar færslur áhrifavalda eða ákvörðun ferðaskipuleggjenda geti aukið umferð um austurbakkann á skömmum tíma. „Þegar gestum fjölgar skyndilega á óundirbúnu svæði getur skapast alvarleg hætta áður en hægt er að bregðast við. Við viljum koma í veg fyrir að fólk slasist eða lendi í lífshættu.“

Björgunarsveitirnar kalla eftir því að stjórnvöld fresti fyrirhugaðri gjaldtöku þar til búið er að meta öryggisáhrif svæðisins sem og tryggja framkvæmd áður en aukinn fjöldi ferðamanna sækir svæðið heim.

Formenn björgunarsveitanna í Uppsveitum Árnessýslu.
Tobias Ölvinsson,
Björgunarfélagið Eyvindur
Kristinn Bjarnason,
Björgunarsveit Biskupstungna
Magnús Bjarki Snæbjörnsson,
Björgunarsveitin Ingunn
Jóhannes Þórólfur Guðmundsson,
Hjálparsveitin Tintron
Björn Axel Guðbjörnsson,
Björgunarsveitin Sigurgeir

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínusson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Blaðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Prentun: Prentmet Oddi
Svansvottuð prentsmiðja

Gáta vikunnar

Rennur niður eftir á,
ansi lítið róðrartetur.
Rjóma ólmur reyna að ná,
rétt svo lifa af í vetur.

Svar við gátu í blaði 2878: **ÁRA**

1. **Ára**, sem skyggnir geta séð umhverfis fólk. - 2. Að **ára**, er að setja árarnar í keipana 3. Það **árar** vel, þaða hefur verið gott veður - 4. Talað er um **ára** og púka í víti.

Sunnlenski matgæðingurinn

Fljúgandi Jakob

Matgæðingur vikunnar er Björgvin Rúnar Valentínusson.



Fljúgandi Jakob er sænskur ofnréttur frá áttunda áratugnum sem á sér fastan sess á mörgum íslenskum heimilum. Rjómalöguð sósa, stökkt beikon og salthnetur gera hann að ekta heimilismat sem er einfaldur í framkvæmd og fellur yfirleitt vel í kramið hjá öllum við matarborðið.

Fljúgandi Jakob
1 heill kjúklingur
3 dl rjómi
1 msk. chilisósa
3 msk. tómatpúrra
1 pakki beikon
Slatti af sveppum
Salthnetur (má sleppa)
Season All
Salt, pipar og Aromat

Grillið kjúklinginn og kryddið hann með Season All. Rífið kjötið af beinunum og setjið í eldfast mót.

Hálfþeytið rjómann og hrærið chilisósu, tómatpúrru, salti, pipar og Aromat saman við. Hellið blöndunni yfir kjúklinginn. Steikið beikonið og sveppina og dreifið yfir réttinn.

Bakið í ofni við 175°C í um 35 mínútur. Þegar um 10 mínútur eru eftir er gott að strá salthnetum yfir.

Mig langar að skora á vinkonu mína Ingibjörgu Rafnsdóttur að koma með einhverja girnilega uppskrift í næsta blaði.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Eyrbekkingurinn Moira Dís gefur út sína fyrstu bók

Eyrbekkingurinn Moira Dís Bichard var að gefa út sína fyrstu bók núna í nóvember. Þetta er barnabók sem heitir *Heimskaut* og fjallar um ref í vetrarríki sem keppist við það hvern dag að finna mat og komast í hlýja bælið sitt fyrir myrkur. Sagan fjallar um hringrás náttúru og fegurð en líka um hvað er mikilvægt að vera hugrakkur þegar margt fer úrskeiðis. Moira Dís er bæði höfundur teikninga og texta. Hún fór þá leið að mála allar myndirnar sem eru í bókinni og vinna þær síðan fyrir prentun. Að baki bókinni liggur því virkilega mikil vinna. Bókin hennar fæst í verslunum Pennans/Eymundsson en líka í Bókakaffinu á Selfossi og í versluninni Bakkanum á Eyrarbakka.

Myndlistaráhugi Moiru Dísar byrjaði strax á barnsaldri þegar hún var nemandi í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri. Hún útskrifaðist síðan af myndlistarbraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti, þaðan lá leiðin í Myndlistaskóla Reykjavíkur og BA-gráðu í myndskreytingu hlaut Moira árið 2025 frá University of Cumbria – Institute of Art and Design í Carlisle í Norður-Englandi.

KPMG

Ert þú með verkefni sem getur haft jákvæð áhrif á samfélagið?

Samfélagsstyrkir KPMG

Með nýrri styrktarstefnu KPMG er lögð aukin áhersla á markvissan og gagnsæjan stuðning við samfélagsverkefni á landsbyggðinni. Markmiðið er að styðja við fleiri verkefni og efla enn frekar tengsl félagsins við samfélagið.

Umsóknarfrestur til 30. nóvember

Nánar á kpmg.is



Ekki láta litla **stjörnu** verða að **stóru** vandamáli

Við hitabreytingar getur stjarna eftir steinkast þróast í sprungu. Það borgar sig að bregðast við sem fyrst. Hjá Carglass færðu sérfræðiþjónustu í viðgerðum og rúðuskiptum.

Ekki bíða eftir sprungunni. Bókaðu tíma í dag.

- Ef stjarna er minni en 100 kr. peningur er hægt að gera við
- Gerum við fyrir öll tryggingafélög
- Sjáum um samskipti við tryggingafélagið
- Framrúðuviðgerð er þér yfirleitt að kostnaðarlausu

Rúðuþurrkur og rúðuvökvi fylgja með öllum framrúðuskiptum



CARGLASS®

Hrísmýri 2a · 800 Selfoss · carglass@carglass-iceland.is · 530 9100 · www.carglass-iceland.is

VOX hlýtur veglegan styrk

Fjölmenningarlegi kórinn VOX Rangárþing hlaut á dögunum styrk upp á 2 milljónir króna úr Þróunarsjóði innflytjendamála. Úthlutunin er á höndum Félags- og húsnæðismálaráðuneytisins og snýr sérstaklega að nýju verkefni á vegum kórsins sem nefndist Raddir saman - Íslenska, tengsl og inngilding í Rangárþingi.

Markmið verkefnisins er að efla íslenskukunnáttu kórfélaga sem hafa annað móðurmál en íslensku og styðja við virka þátttöku þeirra í kórstarfinu. Sem stendur eru meðlimir í kórnum í kringum fimmtíu og tuttugu prósent þeirra eru af erlendum uppruna, en það er sambærilegt hlutfall og hjá íbúum sveitarfélagsins alls. Þá eru bæði kórstjóri og leikstjóri VOX innflytjendur sem hafa kosið að koma hingað til lands og starfa á sínu sérsviði í þágu tónlistar og menningar í Rangárþingi.

Þessi fjölmenningarlegi grunnur hefur mótað starfsemi VOX frá upphafi. Æfingar og sýningar fara fram á mörgum tungumálum og flytur kórinn gjarnan erlend og íslensk lög fléttuð saman í syrpur. Þá er mikið lagt upp úr því að móðurmál allra kórfélaga fái að heyrast bæði á æfingum og á sýningum og Íslendingar spreyti sig á öðrum málum í flutningi. Jafnframt fær fólk sem er að læra íslensku tækfæri til að prófa tungumálið í öruggu umhverfi þar sem það getur fengið aðstoð við framburð, þýðingar og fleira á jafningjagrundvelli.

Verkefnið mun fara fram á tíu mánaða tímabili sem tengt verður starfsemi kórsins. Meðal þess sem boðið verður uppá, auk hefðbundinna æfinga, er vinnustofur í íslensku sem leiddar verða af íslenskukennara. Unnið verður með orðaforða, merkingu og framburð í íslensku söngtextunum sem kórinn æfir hverju sinni. Kórfélagar geta nýtt það sem þeir læra strax á æfingunni á eftir. Þá verða einnig nokkur kvöld helguð sviðsframkomu, framburði, leikrænni tjáningu og fleiru sem allir kórfélagar geta nýtt sér. Meðal markmiða



Mynd: Aðsend.



Mynd: Aðsend.

verkefnisins er að skila af sér efni sem fleiri sambærileg félagasamtök geta nýtt sér, auk þess sem niðurstöðurnar verða kynntar opinberlega í lokin. Harpa Rún Kristjánsdóttir bókmenntafræðingur hefur verið ráðin verkefnastjóri Raddir saman.

Birta Huld Halldórsdóttir, gjaldkeri VOX, tók við styrknum á Grand Hótel 11. nóvember síðastliðinn. Stjórn kórsins er þakklát fyrir tækifærið og hlakkar til að fylgja þessu eftir með áframhaldandi eflingu og inngildingu allra kórfélaga, óháð uppruna og móðurmáli.

Frá kirkjugarðinum á Selfossi

Laugardaginn 28. nóvember og sunnudaginn 29. nóvember nk. verða jólaljósin kveikt í kirkjugarðinum.

Árvirkjamenn verða til aðstoðar kl. 10:00 - 16:00 laugardaginn 28. nóv. og 12:00 - 16:00 sunnudaginn 29. nóv.





Orkugjald: Kr. 6.000,- á leiði.

Hægt er að greiða á staðnum eða í verslun Árvirkjans sem verður opin kl. 10:00 - 16:00 laugardaginn 28. nóv.

Kirkjugarðsvörður.

LEIKFÉLAG SELFOSS

GRANDAVEGUR 7

Byggt á skáldsögu Vigdísar Grímsdóttur
og leikgerð Kjartans Ragnarssonar og Sigríðar Margrétar Guðmundsdóttur
Í leikstjórn Rúnars Guðbrandssonar



Litla leikhúsið við Sigtún

SÍÐUSTU SÝNINGAR

19. nóvember	kl. 20:00	
20. nóvember	kl. 20:00	
26. nóvember	kl. 20:00	
4. desember	kl. 20:00	
6. desember	kl. 18:00	
12. desember	kl. 20:00	LOKASÝNING

Miðasala á Tix.is

Miðaverð 3.900 kr. • Hóptilboð 3.500 kr. á mann fyrir 6 eða fleiri
Nánari upplýsingar á midasala@leikfelagselfoss.is
Sýningin er ekki við hæfi barna yngri en 13 ára.

LEIKFÉLAG SELFOSS

Ný bók varpar ljósi á réttir landsins

Bókin *Réttir á Íslandi* eftir Önnu Fjólu Gísladóttur er komin út hjá Bókaútgáfunni Nýhöfn í Hveragerði. Í bókinni er fjallað um fjár- og stóðréttir víðs vegar um landið og þær skoðaðar sem mikilvægan hluta af íslenskum menningararfi.

Við vinnu að bókinni hefur Anna Fjóla safnað upplýsingum um réttir um allt land og kortlagt þær með GPS-hnitum. Samkvæmt skrám Bændasamtakanna eru um 240 réttir á landinu, en við heimildasöfnun vegna bókarinnar kom í ljós að þær eru í raun um 1.000 talsins. Margar þeirra eru fornar og hafa ekki áður verið skráðar.

Um 700 réttir eru sýndar í bókinni, allar nafngreindar, auk þess sem fróðlegur texti fylgir um 250 þeirra. Við gerð bókarinnar hefur höfundur meðal annars nýtt sér drónatækni til að mynda réttirnar ofan frá, en þannig birtast form þeirra og skipulag með skýrari hætti.

Réttirnar eru fjölbreyttar að stærð, gerð og efnisvali. Þær eru meðal annars byggðar úr grjóti, hrauni, torfi, timbri, járni og steypu. Hönnun þeirra endurspeglar hugvit og útsjónarsemi



bænda fyrr á tímum og staðsetning þeirra ber víða vitni um aðlögun að náttúrulegu umhverfi. Margar eldri réttir eru nú að hverfa eða týnast og er bókin því einnig framlag til varðveislu þessarar arfleifðar.

Anna Fjóla er með meistararéttindi í ljósmyndun og hefur víðtæka reynslu af ljósmyndun og kennslu. Hún starfaði meðal annars við Ljósmyndasafn Reykjavíkurborgar, rak eigin ljósmyndastofu og kenndi við Listaháskóla Íslands og Tækniskólann. Hún hefur áður sent frá sér bækurnar *Hestur guðanna* árið 2006 og *Akureyri og nágrenni í Eyjafirði* árið 2010.

Tungnarétt í Biskupstungum, Árn.

Tungnarétt var byggð 1955 og var bæði notuð sem fjár- og stóðrétt. Var orðin illa farin og endurbyggð 2013 á sama stað. Stofnað var félagið „Vinir Tungnarétta" og var unnin mikil sjálfboðavinna við bygginguna. Eftir að byggingu lauk var Bláskógabyggð afhent mannvirkið. Dilkarnir eru 25 talsins, hver þeirra tekur um 400 fjár, samtals tekur réttin um tíu þúsund fjár.





Dælarétt í Flóa, Árn.

Dælarétt var helsta skilarétt Skeiða og Flóans og munnmæli herma að hún hafi fyrst verið notuð á 12. öld og notuð í 800 ár. Í henni eru 22 dilkar. Stendur sunnan við Suðurlandsveg. Kvenfélag sveitarinnar setti upp tjald og seldi veitingar í Dælarétt 1929. Var þetta helsti tekjupóstur félagsins til 1937 en þá var hætt að reka fé á fjall vegna mæðiveiki. Eftir fjárskipti 1953 tóku konur upp þráðinn á ný og voru með veitingar þar til 1961. Réttin er í landi eyðibýlisins Heiðarbæjar. Þar var síðast réttað formlega haustið 1968.





Lambatungurétt í Skaftárhreppi, V-Skaft.

Ekki er vitað um aldur Lambatungurélttar en hún mun vera mjög gömul. Skúli Jónsson bóndi í Mörtungu ásamt fleirum byggði stóra dilkinn fyrir 1900. Stærstu stuðlabergssteinarnir eru trúlega á milli 200 og 300 kg. og koma úr hamrinum fyrir ofan. Réttin var síðast notuð um 2000 sem rúnings-, sauða- og vorrétt. Féð var hvílt þarna á leið til byggða. Þegar mest var af fé í réttinni voru um 2.000 kindur og allir dilkar fullir. Sauðir voru reknir upp á Góu en beir gáfu mestu ullina. Ullin var þvegin og nýtt með hana á 10–12 hestum á Eyrarbakka þar sem hún var seld.



Óperа allrar þjóðarinnar

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Sinfóníuhljómsveit Suðurlands og Þjóðaróperan hafa undirritað viljayfirlýsingu um áframhaldandi samstarf um óperusýningar og þróun tónlistarstarfs á Suðurlandi.

Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri SASS, Guðmundur Óli Gunnarsson hljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi og Finnur Bjarnason óperustjóri undirrituðu yfirlýsinguna í Skálholtskirkju sunnudaginn 8. nóvember. Undirritunin fór fram áður en opnunarviðburður Þjóðaróperunnar Undir sömu stjörnu hófst. En þar komu fram auk Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands, söngvarar Þjóðaróperunnar, leikarar frá Þjóðleikhúsinu, Skálholtskórinn, Kammerkór Rangæinga og Kammerkór Norðurlands undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar.

Markmiðið með viljayfirlýsingunni er að efla klassíska tónlist og óperu í landshlutanum, fjölga tækifærum til að njóta hennar í heimabyggð og færa fjölbreytt menningarstarf nær fólki. Með viljayfirlýsingunni vilja aðilar undirstrika mikilvægi þess að nýta þekkingu og jákvæða reynslu af verkefninu Undir sömu stjörnu til áframhaldandi góðra verka.

„Við hjá SASS erum afar stolt af því að sjá Sinfóníuhljómsveit Suðurlands fá vængi með þessu stóra samstarfsverkefni. Við höfum stutt þétt við bakið á hljómsveitinni nánast frá upphafi og það er gríðarlega ánægjulegt að sjá hana nú spila jafn stórt hlutverk og raun ber vitni í þessu samstarfi við Þjóðaróperuna. Þetta eflir ekki bara menningarlífið á Suðurlandi heldur sýnir landinu öllu þann mikla metnað sem býr í sunnlensku listafólki.“ segir Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri SASS.

„Þetta er einstaklega ánægjulegt á allan hátt“ segir Guðmundur Óli Gunnarsson hljómsveitarstjóri „og sýnir svo ekki verður um villst mikilvægi hljómsveitarinnar fyrir menningarlífið á Suðurlandi. Við erum bæði afar glöð með þessa viljayfirlýsingu og hlökkum sannarlega til næstu verkefna með Þjóðaróperunni.“

Finnur Bjarnason Óperustjóri tekur í sama streng. „Það var mjög ánægjulegt að hafa lokið þessu fyrsta, stóra samstarfsverkefni með Sinfóníuhljómsveit Suðurlands með svo farsælum hætti. Eins og kemur fram í viljayfirlýsingunni sem undirrituð var á viðburðinum er mikilvægt að nýta þá dýrmætu reynslu sem fékkst í ferlinu og það er mikill vilji hjá okkur til að rækta þetta samstarf, skapa, fleiri tækifæri fyrir tónlistarfólk og gera óperuna að virkum hluta menningarlífsins á Suðurlandi.“

Aðilar stefna að samráðsfundi þar sem farið verður yfir reynslu af samstarfinu og næstu skref mótuð. Í yfirlýsingunni kemur fram að mikilvægt sé að fylgja þessum áfanga eftir með samfellu í árlegu samstarfi sem skipulagt er í samvinnu Þjóðaróperunnar og Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands. Samstarfið verður liður í að efla starf Þjóðaróperunnar um landið allt um leið og til verður ný menningarupplifun á Suðurlandi. Viljayfirlýsingin gildir til þriggja ára og felur ekki í sér fjárhagslegar skuldbindingar.








Sorgin og jólin

Fyrirlestur í Selfosskirkju

Miðvikudaginn 25. nóvember kl. 20:00

Dagbjört Eiríksdóttir, sálgætir fjallar um aðventu og jól í skugga áfalla, sorgar og missis.



Brúargrindin dregin yfir Ölfusá

Búið er að draga brúargrind nýrrar brúar yfir Ölfusá af austurbakkanum yfir á þann vestari. Brúargrindin er 330 metra löng og vegur um 2.000 tonn. Aðgerðin tók mun skemmri tíma en upphaflega var áætlað.

Við framkvæmdina voru notaðir öflugir vökvadrifnir tjakkar sem drógu brúargólfið áfram eftir sérstökum dráttarlegum. Brúargrindin hvíldi á púðum sem runnu eftir sléttum stálplötum til að koma í veg fyrir skemmdir á yfirborði stálbitanna.

Tjakkarnir færðu brúargólfið áfram um hálfan metra í hverri atrennu. Við bestu aðstæður var gert ráð fyrir að hægt yrði að færa það um tíu metra á klukkustund.

Til að tryggja stuðning við brúargólfið á meðan á færslunni stóð var komið fyrir stóru bráðabirgðamastri ofan á því. Frá mastrinu lágu stálkaplar sem héldu uppi fremri enda brúargólfsins meðan það var dregið yfir ána.

Mynd: Vegagerðin



SB Skattur & bókhald
BÓKHALDSSTOFA



Við erum væntanleg á Selfoss

Eyravegi 29, 800 Selfoss

Opnum á næstu dögum!

Fyrir fyrirtæki
Heildstæð fjármálaþjónusta fyrir fyrirtæki af öllum stærðum.

Fyrir einstaklinga
Persónuleg og fagleg aðstoð í skattamálum og fjármálum.

Bókhald og VSK | Launavinnsla | Ársuppgjör og endurskoðun | Skattskil og ráðgjöf

Í 35 ár
Yfir 35 ára reynsla í þjónustu við fyrirtæki og einstaklinga.

www.sb.is 517 7400 sb@sb.is

ÓKEYPIS BLÓÐSYKURMÆLING

Eins og mörg undanfarin á mun Lionsklúbbar Selfoss og Emblu vera með ÓKEYPIS blóðsykur mælingu í anddyri

Krónunnar næstkomandi laugardag 21. Nóvember frá kl. 12 - 15 Allir eru velkomnir og er fólk kvatt til að mæta.

Sveitarfélagið Árborg
ÚTBOÐ

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í framkvæmdaverkið: „Austurvegur 2 – endurnýjun á ráðhúströppum".

Verkið felur í sér rif, fjarlægingu og förgun á eldri steyptum tröppum og stéttum við Ráðhús Árborgar við Austurveg 2 á Selfossi. Þá er einnig um að ræða fjarlægingu og förgun þriggja steyptra staura sem standa við eldri ráðhúströppur. Steypa skal upp nýjar tröppur og stéttar, leggja raflagnir fyrir fyrirhugaða LED lýsingu ásamt lagningu á snjóbræðslulögnum samkvæmt hönnunargögnum.

Helstu áætlaðar magntölur eru:

Jarðvinna, gröftur	500 m³
Jarðvinna, fylling	500 m³
Steypumót	481 m²
Bendistál	5.620 kg
Steinsteypa	106 m³
Snjóbræðslurör	1.340 m
Raflagnir ø32 PEH	760 m

Verkinu skal að fullu lokið 1. október 2027.

Útboðsgögn verða afhent á útboðvef sem er aðgengilegur hér: https://arborg.ajoursystem.net/Tender/DirectLink/69e3dc97-de7c-4ea2-aa59-108161ebb67a

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skrám sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.
Skilafrestur tilboðs er til **kl. 11:00 mánudaginn 30. nóvember 2026**.

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Bjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opnunar tilboða verður bjóðendum sent opnunaryfirlit rafrænt.

Mannvirkja og umhverfissvið Árborgar

Handleiðsla – þarf að bíða þar til álagið verður of mikið?

Hvenær gafst þér síðast tækifæri til að staldra við og ígrunda starf þitt? Ekki til að fara yfir verkefnalistann eða skipuleggja næsta vinnudag, heldur til að skoða hvernig þér líður í starfi, hvað gengur vel og hvað mætti fara betur?

Flest viljum við standa okkur vel í vinnunni. Við leggjum metnað í starfið og viljum finna að framlag okkar skipti máli. En daglegt annríki, ábyrgð og síbreytilegar kröfur geta geta orðið að álagi sem hefur áhrif á líðan og starfsánægju.

Þegar álagið eykst

Streita er áberandi meðal þeirra sem starfa við að hjálpa, kenna, leiðbeina og annast aðra. Það er ákveðin þversögn fólgin í því að eiginleikarnir sem gera fólk hæft til slíkra starfa geta jafnframt gert það viðkvæmara fyrir streitu. Samviskusemi, ábyrgðarkennd og rík samkennd eru verðmætir eiginleikar en geta orðið íþyngjandi þegar kröfurnar verða meiri en svigrúmið til að mæta þeim.

Streita í starfi verður þó sjaldnast skýrð með einum þætti. Hún getur orðið til í samspili verkefna, ábyrgðar, samskipta, starfsaðstæðna og þeirra væntinga sem við gerum til okkar sjálfra og annarra. Stjórnendur standa einnig frammi fyrir margvíslegum áskorunum. Þeir þurfa að samræma ólíkar þarfir, taka ákvarðanir og styðja starfsfólk, oft við aðstæður sem þeir hafa ekki fulla stjórn á.

Hvað getur handleiðsla gert?

Fagleg handleiðsla er skipulagður vettvangur fyrir ígrundun og sjálfskoðun. Hún gefur rými til að auka innsæi og rýna í fagmennskuna. Hún er tækifæri til að efla skilning á eigin viðbrögðum í aðstæðum og samskiptum og finna uppbyggilegar leiðir til að takast á við aðstæður.

Fyrir starfsfólk getur handleiðsla aukið faglegt öryggi, bætt samskipti, skýrt mörk og styrkt hæfni til að takast á við álag. Fyrir stjórnendur getur hún skapað mikilvægt svigrúm til að ígrunda ákvarðanir, leiðtogahlutverkið og vinnustaðamenningu. Handleiðsla fyrir teymi og hópa getur stuðlað að betra samstarfi og meiri skilningi manna í milli.



Staldraðu við

Evrópudagur handleiðslu er 21. nóvember ár hvert. Dagurinn gefur tilefni til að velta fyrir sér hvernig við hlúum að eigin fagmennsku og vellíðan í vinnu. Þótt fagleg sýn sé sterk er gott að fá ný sjónarhorn. Handleiðsla veitir einmitt slíkt tækifæri. Spurningin er því ekki endilega hvort þú þurfir á handleiðslu að halda, heldur hvað þú gætir fengið út úr henni.

Þórunn Jóna Hauksdóttir
faglegur handleiðari
thorunnjona.is

Íslandsmeistari í Hornafjarðarmanna úr Austur-Landeyjum

Guðrún Jónsdóttir frá Hólmi í Austur-Landeyjum varð Íslandsmeistari í Hornafjarðarmanna 2026 þegar Skaftfellingafélagið hélt Íslandsmótið í Tónabíói miðvikudaginn 11. nóvember. Góð mæting var á mótið og mikil stemning meðal keppenda.

Alls tóku 33 spilarar þátt í mótinu. Keppendur komu víða að, meðal annars frá Grænlandi og ýmsum landshlutum, enda á Hornafjarðarmanni sér tryggan hóp áhugafólks langt út fyrir heimahagana.

Guðrún sýndi mikla yfirburði í undankeppninni, þar sem hún fékk flest prik, og fylgdi þeim árangri eftir með tveimur öruggum sigrum í undanúrslitunum.

Þótt mjótt væri á mununum í úrslitunum hafði Guðrún að lokum betur og tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn. Í öðru sæti varð María Garðarsdóttir úr Kópavogi og Ásta Kristín Pálmadóttir úr Hafnarfirði hreppti bronsið.

Spil sem tengir kynslóðir

Hornafjarðarmanni er meira en keppnisspil. Það er hluti af menningararfi Skaftfellinga og hefur um langt skeið sameinað fjölskyldur, vini og kynslóðir við spilaborðið.

Eitt helsta markmið Íslandsmótsins er að halda þessari skemmtilegu hefð lifandi og kynna spilið fyrir nýjum kynslóðum. Á tímum þegar símar og samfélagsmiðlar taka sífellt meira pláss í daglegu lífi er mikilvægt að varðveita samverustundir þar sem fólk hittist, spjallar, hlær og spilar saman.

Hornafjarðarmanni byggir þannig ekki aðeins á kænsku og heppni heldur líka á félagsauði, átthagatengslum og samveru kynslóðanna.



Guðrún Jónsdóttir, lengst til vinstri, með farandgripinn sem keppt hefur verið um frá 1998. Mynd: Aðsend.

Skaftfellingafélagið hefur lagt rækt við þessa hefð með Íslandsmótinu og vill með því stuðla að því að Hornafjarðarmanni lifi áfram, bæði á heimilum og á spilamótum framtíðarinnar.

Því þótt aðeins einn verði Íslandsmeistari hverju sinni eru það samveran, gleðin og hefðin sem standa uppi sem sigurvegarar.

Sýning í galleríinu Undir stiganum

Bjarni Heiðar Joensen sýnir í galleríinu Undir stiganum.

Í síðustu viku opnaði sýning á verkum Þorlákshafnarbúans og myndlistarmannsins Bjarna Heiðars en hann varð 91 árs í haust og er jafnframt sá elsti sem hefur haldið sýningu í galleríinu. Á sýningunni eru olíumálverk frá ýmsum tímum en mörg þeirra tengjast þeim heimabyggð.

Bjarni hefur haldið sýningar víða og einnig tekið þátt í samsýningum, meðal annars í Færeyjum en hann á einmitt ættir að rekja þangað.

Hægt er að skoða sýninguna á opnunartíma Bæjarbókasafns Ölfuss í nóvember en flest verkanna eru til sölu.




Kvöldstemning

Fimmtudagskvöldið 19. nóvember er komið að hinni árlegu kvöldstemningu á Selfossi. Kl. 18 verður kveikt á jólaljósunum í bænum.
Af því tilefni höfum við opið lengur. Sköpum jólastemninguna saman.

Þú færð allt fyrir jólin í Árborg – og meira til!

Öll fyrirtæki sem eru með opið lengur setja kerti út hjá sér.

Lögfræðiálit vekur alvarlegar spurningar um lögmæti náttúrupassa



Oddvitar sveitarfélaganna fjögurra í Uppsveitum Árnessýslu: Bláskógabyggð, Hrunamannahreppi, Grímsnes og Grafningshreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi vara við því að fyrirhuguð gjaldtaka á ferðamenn á Gullna hringnum kunni að brjóta gegn EES-samningnum.

Sveitarfélögin fjögur í Uppsveitum Árnessýslu hafa látið vinna óháð lögfræðiálit um fyrirhugað náttúru- og innviðagjald sem ríkisstjórnin hyggst innleiða á Gullna hringnum.

Niðurstöður álitsins vekja alvarlegar spurningar um lögmæti fyrirhugaðrar gjaldtöku gagnvart skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum. Þegar kemur að mismunun á forsendum þjóðernis og ákvæðum um þjónustufrelsi. Gjaldtakan geti skapað ríkisjóði bótaskyldu.

Oddvitarnir telja að stjórnvöld verði að taka þessar niðurstöður alvarlega áður en frumvarpið verður lagt fram á Alþingi. Það sé með öllu óásættanlegt að lögfesta gjaldtöku sem verulegur vafi leiki á að standist alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.

„Gjaldtakan verður að vera lögmæt, sanngjörn, byggð á vandaðri greiningu og hafa fyrirvara sem er ásættanlegur fyrir þá aðila sem starfa í ferðaþjónstu. Það gengur ekki að ríkisstjórnin ætli að innleiða nýja skattheimtu á ferðaþjónustuna án þess að tryggja fyrst að hún standist EES-samninginn.“

Oddvitarnir skora á ríkisstjórnina að endurskoða fyrirhugaða gjaldtöku og tryggja að fyrir liggi fullnægjandi lögfræðilegt mat og áhrifagreining áður en málið heldur áfram í þinglega meðferð.

Sunnlendingar sigursælir á Íslandsmeistaramótinu í júdó

Sunnlenskt júdófólk gerði góða ferð til Grindavíkur laugardaginn 14. nóvember þegar Íslandsmeistaramót Judosambands Íslands fór fram í íþróttahúsi bæjarins. Judofélag Suðurlands og júdódeild Umf. Selfoss sendu samtals fimm keppendur á mótið og komust þeir allir á verðlaunapall. Þrír Íslandsmeistaratitlar skiluðu sér heim á Suðurland.

Judofélag Suðurlands tefldi fram þremur konum, þeim Öglu Ólafsdóttur, Söru Nugig Ingólfsdóttur og Ellu Rogge. Þær kepptu allar í -63 kg flokki og röðuðu sér í þrjú efstu sætin. Agla varð Íslandsmeistari, Sara varð önnur og Ella þriðja.



Agla Ólafsdóttir, Sara Nugig Ingólfsdóttir og Ella Rogge kepptu fyrir Judofélag Suðurlands.



Egill Blöndal og Fannar Þór Júlíusson úr júdódeild Umf. Selfoss. Mynd: Aðsend.

Agla og Sara kepptu einnig í opnum flokki kvenna, þar sem ekki er skipt eftir þyngd, og höfnuðu báðar í þriðja sæti á eftir keppendum úr Reykjavík. Í sveitakeppninni mættu þær þrjár sveit Judofélags Reykjavíkur í úrslitum. Þar vannst ein glíma en tvær töpuðust og silfurverðlaun urðu því niðurstaðan.

Egill Blöndal, úr júdódeild Umf. Selfoss, vann allar sínar glímur á mótinu og varð tvöfaldur Íslandsmeistari, í +100 kg flokki og í opnum flokki. Egill hefur þar með unnið ellefu Íslandsmeistaratitla á ferlinum.

Liðsfélagi hans, Fannar Þór Júlíusson, vann til silfurverðlauna. Hann vann tvær fyrstu glímur sínar af öryggi en laut í lægra haldi í úrslitaglímunni gegn verðandi Íslandsmeistara. Fannar Þór er 17 ára og eru þetta fyrstu verðlaun hans á Íslandsmeistaramóti í flokki 15 ára og eldri.

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi:

Efri-Úlfsstaðir í Landeyjum – Breyting á deiliskipulagi
Deiliskipulagstillagan að reisa fjögur 80 m² gestahús á byggingarreit B1, með 5 m mænishæð sem þegar hafa verið byggð. Á byggingarreit B2 og B4 verður heimilt að reisa þrjú samskonarhús. Á byggingarreit B3 verður heimilt að reisa 1.200 m² byggingu til landbúnaðar með allt að 6 m mænishæð. Einnig er verið er að leiðrétta upplýsingar frá upprunalegu skipulagi.

Samkvæmt 31. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi:

Steinar og Hvassafell undir Eyjafjöllum – breyting á aðalskipulagi
Með aðalskipulagsbreytingunni er verið að breyta 15 ha svæði úr landbúnaði í verslunarog þjónustusvæði ásamt 4 ha íbúðarsvæði.

Steinar og Hvassafell undir – Nýtt deiliskipulag
Deiliskipulagstillagan tekur til þriggja 5 ha verslunar- og þjónustusvæða og 4 ha íbúðabyggðar. Á lóð A1 verður heimilt að byggja 600 m² með 8 m hámarkshæð. Á Lóð A2 stendur til að endurbyggja íbúðarhús undir starfsmannaíbúðir og/eða gistirými fyrir ferðamenn. Heildarbyggingarmagn verður 800 m² og 8 m hámarkshæð. Tillagan heimilar að lóð A3 verði breytt í starfsmannaíbúðir sem áður voru landbúnaðarbyggingar. Heildarbyggingarmagn verður allt að 1.200 m² og hámarkshæð 8 m. Lóð A4 heimilar allt að 950 m² undir starfsmanna og/eða gistirými fyrir ferðamenn. Lóð C1 heimilar 1-2 hæð hús með risi, allt að 8 m hámarkshæð og heildar byggingarmagn 2.500 m². Á lóð C2 er gert ráð fyrir hóteli, 10.00 m² á 1-2 hæðum með kjallara og hámarkshæð veður 9 m. Lóð C3 er ætluð fyrir starfsfólk, um er að ræða 3-5 rað- eða parhús á einni hæð, 1.500 m² og 5 m hámarkshæð.

Ofangreindar tillögur er hægt að kynna sér á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt HMS og á viðtalstíma hjá skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, Hvolsvelli. Umsagnar- og athugasemdarfrestur er frá 18. nóvember til og með 5. janúar 2027. Umsögnum og athugasemdum skal skila skriflega í gegnum Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra

FUNDIR

Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opið hús

Þriðjudagar kl. 11-13
Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14:-16
Unga fólkið

Miðvikudagar kl. 11-14
Opið hús

Fimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á Brossíðunni

Föstudagar kl. 11-13
Opið hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði Karlahópurinn Smárarnir kl. 18

Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facbook: Krabbameinsfélag Árnessýslu/Brosið/Smáranir

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir - einn dagur í einu, alla laugardaga. Nýliðafundur hefst 9:30 og Al-Anon fundur strax að honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA
Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedzialek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Mánudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

AA fundir í Hveragerði í húsi Rauða krossins. Mánamörk 1
Mánudaga Kl.18 - Konur
Fimmtudaga Kl.18 - Sporafundur - Konur

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

Fjárheimar ehf.
Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

Steinþór Múrari
Flísalögn og múrverk
S: 698-7271
steinthormurari

FÉLAGSSTÖRF

FÉLAG ELDRI BORGARA FEB SELFOSSI

SKRIFSTOFA FEBSEL
Opin fimmtudaginn
19. nóv. kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS
Fim. 19. nóv. kl. 14:30-16:00

Arna Ír Gunnarsdóttir fjallar um
VELFERÐ BARNA Á SUÐURLANDI

Kaffi 300 kr.
kaffi og kökur 2000 kr.


OPIÐ HÚS
Fim. 26. nóv. kl. 14:45-16:00

ÁHERSLUR MÍNAR Í SKÓLASTARFI
Magnús Jóhannes Magnússon fyrrverandi skólastjóri

FUNDIR

Afmælisfundur Al-Anon
„Við viljum vekja athygli á afmælisfundi Al-Anon sem verður í Grafarvogskirkju sunnudaginn 22. nóvember kl. 20:00
Al-Anon félagar, fjölskylda og vinir eru öll velkomin“

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn meðhöndlun
Ragnhildur Gagga
Jákvæðar hugsanir breyta deginum

Ragnhildur Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is
Cand.mag. í þróttafræðum, nálastungur, yoga, NLP-master/coach, heilsunuddari, Hugræn atferlismeðferð, meta medicine.

KIRKJUR

Skálholtsdómkirkja
Sunnudaginn 22. nóvember verður mikið umleikis í dómkirkjunni okkar. Í messunni kl. 11 þjónar sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir og Sigríður Schram framkvæmdastjóri Kristniboðssambands Íslands flytur hugleiðingu og minnir á mikilvægi kristniboðsins. Jón Bjarnason dómorganisti verður við hljóðfærin og leiðir safnaðarsöng. Barnaborðið er ávallt á sínum stað og svo er molasopi á eftir.

Strax eftir messu verður upplestur og kynning á bók sr. Þórhalls Heimissonar Stutt Biblía fyrir þig og við fáum að eiga samtal við höfundinn. Stutt Biblía fyrir þig er aðgengilegt rit fyrir okkur öll sem viljum fræðast um sögu, þróun og samsetningu Biblíunnar og texta hennar. Spennandi og stórbrotin saga. Ekki missa af þessu!

Kirkja hins helga kross
við Móaveg Selfossi
Morgunmessur alla sunnudaga kl. 9 á pólsku og 11 á íslensku.
Síðdegismessa miðvikudaga kl. 17. Söngæfing á eftir.
Allir eru velkomnir

Eyrarbakkakirkja
Messa sunnudaginn 22. nóvember kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Hrafnkell Karlsson, prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Gaulverjabæjarkirkja
Messa sunnudaginn 22. nóvember kl. 14:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Hrafnkell Karlsson. Óskar H. Óskarsson prófastur setur Arnald Bárðarson inn í embætti. Messukaffi á eftir í Félagslundi.

Selfosskirkja
Kvöldmessa sunnudaginn 22. nóvember kl. 20:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Edit A. Molnár, fram koma einnig Daniel Karl Cassidy og Hugrún Birna Hjaltadóttir. Prestur Guðbjörg Arnardóttir.
Morgunbænir miðvikudaga kl. 10:00. Krílasálmar miðvikudag kl. 10:15 og foreldrasamvera kl. 11:00.

Metþátttaka á HSK-mótinu í sveitakeppni í bridds

HSK-mótið í sveitakeppni í bridge fór fram í Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSU) laugardaginn 7. nóvember sl. Þátttaka var með eindæmum góð en alls mættu 16 sveitir til leiks, sem er líklega nýtt þátttökumet á mótinu.

Sveit Hrannars bar sigur úr býtum en hana skipuðu Hrannar Erlingsson, Gunnar Björn Helgason, Magnús Eiður Magnússon og Heimir Árni Erlendsson.

Sérstaka athygli vakti frammistaða Heimis Árna, sem er ungur og afar efnilegur spilari frá Skíðbakka í Landeyjum. Hann hóf að spila bridge fyrir aðeins um ári síðan og hefur tekið miklum framförum á skömmum tíma. Heimir útskrifaðist frá FSU í fyrra og má því segja að hann hafi verið á heimavelli þegar hann fagnaði sigrinum með félögum sínum.

Í öðru sæti varð sveit Gervigreindar, skipuð Sigurði Björgvinssyni, Sveini Ragnarssyni, Hróðmari Sigurbjörnssyni og Karli Logasyni.

Í þriðja sæti varð sveit Suðurlands, sem jafnframt tryggði sér HSK-meistaratitilinn. Sveitina skipuðu Kristján Már Gunnarsson, Runólfur Þór Jónsson, Björn Snorrason og Guðmundur Þ. Gunnarsson.

Mótið tókst vel í alla staði og er ánægjulegt að sjá þann mikla áhuga sem er á sveitakeppni í bridge á Suðurlandi.

Keppnisstjóri var Þórður Ingólfsson og mótsstjóri Garðar Garðarsson.



1.sæti. Hrannar. F.v. Heimir Árni, Gunnar Björn, Hrannar, Magnús. Mynd: Aðsend.



2. Sæti. Gervigreind. F.v. Karl, Sveinn, Sigurður, Hróðmar. Mynd: Aðsend.



3.sæti. Suðurland. F.v. Guðmundur, Björn, Kristján Már, Runólfur. Mynd: Aðsend.

ÞJÓNUSTA



Smíðavinna og viðgerðir

Tek að mér:
• Allt almennt smíðaviðhald
• Innanhúss- og utanhússfrágangur
• Pallasmíði
• Girðingar
• Allar almennar viðgerðir

Þjónusta í Reykjavík, á Selfossi og í nágrenni.

Hafðu samband og fáðu tilboð!
Sími 777 2265

Skáldkyrjur á Konubókastofu 19. nóvember

Sjö skáldkyrjur munu flytja ljóð sín í Konubókastofu 19. nóvember kl. 17–19.

„Það má segja að 19. nóvember sé dagur okkar skáldkyrja og munum við halda áfram að ljóðast saman árlega á þeim degi um ókomna framtíð.

Í ár bjóðum við gesti velkomna í Konubókarstofu og hlusta á ljóðalestur á birtum og óbirtum ljóðum úr fórum okkar, hver með sínum hætti. Verið hjartanlega velkomin í kaffi og hlýða á upplestur!“

Flytjendur eru þær Draumey Aradóttir, Gunnhildur Þórðardóttir, Helen Halldórsdóttir, Margrét Lóa Jónsdóttir, Rut Ríkey Tryggvadóttir, Sigurbjörg Þrastardóttir og Þórunn Valdimarsdóttir.

Allar hafa þær gefið út fjölda ljóðabóka, tekið þátt í mörgum upplestrum og fengið viðurkenningar og ljóðaverðlaun.

Konubókastofa er staðsett á neðri hæð bókasafnsins á Eyrarbakka, Túngötu 40.



Gefðu persónulegar jólagjafir

honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum okkar getur þú t.d. útbúið **kort**, **dagatöl**, **myndabækur** og pantað **ljósmyndir**

SENDUM HVERT Á LAND SEM ER

prentmet ODDI umbúðir og prentun

Umbúðir · Almenn prentun · Límmiðar · Bækur · Stimplar · Bréfpokar



VIÐ ÓSKUM EFTIR

BLAÐAMANNI

Blaðamaður óskast í hlutastarf eða verktakastarf við Dagskrána, fréttablað Suðurlands

Umsækjandi þarf að vera drífandi, jákvæður, forvitinn og hugmyndaríkur og óhræddur við að takast á við margvísleg og spennandi verkefni sem fylgja starfi blaðamanns. Við hvetjum sérstaklega verktaka með reynslu og gott auga fyrir fréttum til að sækja um.

Helstu verkefni: Frétta- og efnigerð fyrir Dagskrána og DFS.is, Dreifing Dagkskrárinnar í verslanir á Selfossi og nærumhverfi, auglýsingaöflun og önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Hafa brennandi áhuga á blaðamannastörfum og gott fréttanef
- Gott vald á ljósmyndun (myndbandagerð er kostur)
- Góð tölvu- og tækniþekking
- Framúrskarandi færni í íslensku og gott vald á ensku
- Góð skipulagshæfni

Starfshlutfall eftir samkomulagi.
Sveigjanlegur vinnutími í boði fyrir réttan aðila.

Umsóknarfrestur er til 1. desember nk.

Nánari upplýsingar um starfið veita framkvæmdastjóri mannauðsmála í **isi@prentmetoddi.is**, s. **8 560 601** og útibústjórinn Prentmets Odda á Selfossi þ.e. **brv@prentmetoddi.is**, s. **8 560 656**.

Vinsamlegast sækið um starfið á alfred.is.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

prentmet ODDI heildarlausnir í prentun



Prentmet Oddi á Selfossi rekur Dagskrána, fréttablað Suðurlands. Dagskráin er prentuð í 5200 eintökum og er dreifð á alla helstu þjónustustaði á Suðurlandi, ásamt því að fara í blaðakassa á Selfossi, í Hveragerði, Þorlákshöfn, Stokkseyri og Eyrabakka. Fréttavefurinn DFS.is er rekinn samhliða blaðinu. Á miðlunum okkar er að finna fréttir og umfjallanir af sunnlensku mannlífi.

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

2879 Fimmtudagur 19. nóvember 2026

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
534 9600
www.heyrn.is

BRAGÐ AF VINÁTTU!
Josera
Fæst hjá
BYKO Selfossi

Ökukennsla
Sniðið að þörfum hvers og eins.
Kennsla á íslensku eða ensku.
Hafðu samband í 897 4693
Bókaðu á UTIADAKA.IS
„Með þér alla leið"

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

LAGNALAND
LAGNALAUSNIR

ÁREIÐANLEGIR
PÍPULAGNINGAVERKTAKAR
Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is
LAGNALAND EHF.

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980


Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
Þar sem fagmennirnir vinna
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir
Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

FÁÐU TILBOÐ Í ÞINN PALL
899 0979 ÖRN
848 0964 GÍSLI
WWW.SOLPALLUR.IS
SÓLPALLUR
Fagmennska · Gæði · Áreiðanleiki

GB Hús
NÝSMÍÐI | VIÐHALD | PALLASMÍÐI
ÖLL ALMENN SMÍÐAVINNA
Löggiltir húsasmíðameistarar
848 0964 GÍSLI
899 0979 ÖRN
GBHUS@GBHUS.IS

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta
Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn
Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

Stífluþjónusta Sævars Selfossi
Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com
YFIR 20 ÁRA REYNSLA
Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir

TRS
Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ▪ www.trs.is

prentmet ODDI
umbúðir og prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is

STÍFLULOSUN SUÐURLANDS
VIÐ ELSKUM STÍFLUR!
DÆLUBÍLAÞJÓNUSTA OG STÍFLULOSANIR

510 1180 - 669 8441
Hellismýri 14 800 Selfoss stiflulosun.is

LÁTTU FAGMENN SJÁ UM VERKIÐ ÞITT

S: 692-2575
800 SMÍÐI EHF.
800SMIDI@GMAIL.COM
FÁÐU FRÍTT VERÐTILBOÐ Í ÞITT VERK

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is